

Uppsaga dómsins hefur dregið vegna anna dómsformanns við afgreiðslu landhelgismála, sjóprófa og daglegrar afgreiðslu og auk þess vegna fjarveru annars meðdómandans, er fór til Reykjavíkur hinn 28. f. m. og kom fyrst í morgun aftur.

Dómsorð:

Stefndi, Már Frímansson, greiði stefnanda, Friðbjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni vegna Nordisk Kamfabrik A/S gegn afhendingu farmskírteina og annarra innflutningsskjala d. kr. 11.987.97 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. desember 1960 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. marz 1964.

Nr. 163/1962. **Geislahitun h/f** (Tómas Árnason hdl.)

gegn

Valdimar Vigfússyni (Einar Viðar hdl.)

og

Ólafi Pálssyni (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Lindal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1962 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar og svo málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi stefndi og gagnáfrýjanda Ólafi Pálssyni fyrir Hæstarétt, en gerði engar kröfur á hendur honum.

Gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson hefur áfrýjað málinu af

sinni hendi með stefnu 6. desember 1962. Hann krefst sýknu, málskostnaðar í héraði af gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni og að nefndum gagnáfrýjanda og aðaláfrýjanda verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 23. janúar 1963 skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. s. m. Með bréfi dómsmálaráðherra 7. júní 1963 var honum veitt gjafsókn hér fyrir dómi. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Ólafi Pálssyni verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 272.775.30 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. maí 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Aðaláfrýjandi hafði með höndum pípulagnir í húsinu nr. 3 við Vatnsstíg í Reykjavík og í sambandi við það niðurbrot reykháfs í því húsi. Reykháfur þessi stóð í gegnum tvær efri hæðir hússins og var í horni milli bakveggjar hússins og innveggjar, sem báðir eru steyptir. Var reykháfurinn hlaðinn úr múrsteinum og óbundinn við vegg. Hann var húðaður, og varð því eigi séð fyrirfram, að hann var hlaðinn.

Hinn 21. maí 1959 snéri Jóhann Pálsson, framkvæmdastjóri Geislahitunar h/f, sér til gagnáfrýjanda Ólafs Pálssonar og beiddist þess, að hann tæki að sér að brjóta niður nefndan reykháf. Um þetta segir Jóhann Pálsson: „Ólafur kvaðst ekki geta látið gera þetta í dagvinnu og ekki hafa ráð á mannskapnum eftir vinnutíma, en þó gæti verið, að þeir vildu gera þetta sjálfir, enda vanir að vinna án tilsagnar. Væri þá bezt, að Geislahitun h/f greiddi þeim fyrir verkið og að hann hefði ekki önnur afskipti af því en að lána verkfæri. Ólafur kvaðst svo skyldi ræða þetta við mennina, sem hann og gerði.“

Gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson spurði því næst tvo starfsmenn sína, þá Gunnar Helga Pálsson og gagnáfrýjanda

Valdimar Vigfússon, hvort þeir vildu vinna að niðurbroti reykháfsins í næturvinnu fyrir Geislahitun h/f. Voru þeir fúsir til þess. Útvegaði gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson þrýstiloftstæki til verksins. Hinn 22. maí, kl. 2000, komu gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson, gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon og Gunnar Helgi Pálsson í húsið nr. 3 við Vatnsstíg. Kveður gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon, að gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson hafi falið honum og Gunnari Helga Pálssyni að brjóta niður reykháfinn á annarri hæð hússins. Skyldu þeir vinna verkið með loftbor og hafi gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson sagt þeim „að byrja út frá sprungu ofan við sótopið“. Síðan hafi gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson horfið af staðnum. Gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon segir þetta um tildrög verksins: „Ég var ekki beðinn að vinna þetta verk fyrir Geislahitun h/f, heldur aðeins beðinn að mæta til vinnu á umræddum stað og vissi því ekki betur en að ég væri að vinna fyrir Ólaf. Það var ekki aðeins ég, sem Ólafur boðaði til vinnu um kvöldið, heldur einnig Gunnar Pálsson ásamt öðrum verkamanni“. Enn segir gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon: „Það var Ólafur, sem sagði okkur til um verkið, enda var aldrei talað um, að annar verkstjóri kæmi á staðinn“. Gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon „kveðst ekki hafa vitað, fyrir hvern verkið var unnið að Vatnsstíg 3 um kvöldið, sem slysið skeði. Segist mætti hafa verið að vinna í Landspítalanum ásamt Gunnari Pálssyni um daginn. Hafi Ólafur Pálsson þá beðið þá að koma til vinnu að Vatnsstíg 3 eftir kvöldmat. Kveðst mætti ekki minnst þess, að Ólafur hafi minnzt á það, að það verk væri unnið fyrir aðra aðilja en hann, né heldur hafi hann minnzt á það, um hvers konar verk væri að ræða. Kveðst mætti ekki muna, hvernig orð féllu að þessu leyti. Mætti segir, að Ólafur hafi þá um kvöldið gefið þeim Gunnari fyrirmæli um, hvað gera skyldi, og jafnframt, að þeir skyldu byrja á sprungu í skorsteini við sótopið. Mætti segir, að ekki hafi það verið nefnt af hálfu Ólafs, að sérstök hætta kynni að vera samfara verkinu, og ekki hafi hann heldur minnzt á það, að skorsteinninn væri hlaðinn“.

Gunnar Helgi Pálsson segir um tildrög verksins, að hann og gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon hafi verið að vinna við niðurbrot í Landspítalanum nefndan dag og „að Ólafur Pálsson hafi þá um eftirmiðdaginn spurt vitnið, hvort það vildi vinna verk við niðurbrot fyrir Geislahitun h/f að Vatnsstíg 3 þá um kvöldið“. Síðar bar vitni þetta, „að Ólafur Pálsson hafi bent þeim á að bora ætti skorsteininn og eitt-hvað fleira og að fjarlægja ætti skorsteininn. Síðan hafi Ólafur farið á brott“.

Að svo búnu tóku þeir Gunnar Helgi Pálsson og gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon til starfa, og um það segir nefndur gagnáfrýjandi: „Hófum við verkið með stórum, þungum bor, og þurfti okkur báða til að valda honum. Er við höfðum brotið reykháfinn næstum þvert yfir, skiptum við, og Gunnar tók minni bor, en ég fór að moka frá. Rétt í þann mund hrapaði reykháfurinn, og tókst mér ekki að forða mér undan honum, því að ég féll um ofn, sem lá á gólfinu. Fékk ég því reykháfinn á vinstri fótlegg, og orsakaði það brotið“.

Vitnið Gunnar Helgi Pálsson kveðst „muna, að það hafi verið við borinn, er slysið skeði“, en hann „kveðst ekki muna, hve lengi þeir hafi borað, en telur þá hafa verið nýbyrjaða“. Hann „segist hafa tekið eftir því, að skorsteinninn var hlaðinn, um svipað leyti og hann hrundi“.

Slys það, sem hér er um að tefla, varð vegna vangæzlu við framkvæmd verksins. Leitt er í ljós, að Gunnar Helgi Pálsson var vanur slíku verki. Hann stjórnaði bornum og hélt borun áfram án öryggisráðstafana, eftir að hann varð þess var, að reykháfurinn var hlaðinn. Hann á því megin-sök á slysinu. En gagnáfrýjandi, sem einnig vissi, að reykháfurinn var hlaðinn og hvað boruninni leið, sýndi og nokkurt gáleysi.

Er þá athugunarefni, hver beri ábyrgð á afleiðingum slyssins.

Þeir Gunnar Helgi Pálsson og gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon voru báðir starfsmenn gagnáfrýjanda Ólafs Pálssonar. Hann réð þá til verksins og sagði þeim, „hvað stæði

til að gera, brjóta niður skorsteininn“, fór með þeim á staðinn og benti þeim á verkefnið. Gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon mátti því treysta því, að þeir væru að vinna verkið á vegum húsbónda þeirra, Ólafs Pálssonar. Þykir hann því bera ábyrgð á mistökum Gunnars Helga Pálssonar gegnt gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni. Er hæfilegt, að gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson bæti tjón af slysinu að tveimur þriðju hlutum.

Fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f, sömdu eigi um verkið við Gunnar Helga Pálsson og gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússon né stjórnunðu framkvæmd verksins. Er því eigi fyrir hendi það réttarsamband, er veiti gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar. Hins vegar verður að leggja þann skilning í skýrslu Jóhanns Pálssonar framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, sem að framan er rakin, að Geislahitun h/f hafi tekið á sig ábyrgð á framkvæmd verksins gegnt gagnáfrýjanda Ólafi Pálssyni. En eins og málið hefur verið lagt fyrir dómstóla, verður dómsorði eigi lokið á skipti aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Ólafs Pálssonar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis 14. ágúst 1963, þar sem hann lýsir því, að hann telji ekki ástæðu til að breyta mati því á örorku gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar, er hann framkvæmdi 23. febrúar 1961 og getið er í héraðsdómi.

Þá hefur og verið lögð fram ný áætlun Þóris Bergssonar tryggingafræðings um atvinnutjón greinds gagnáfrýjanda, miðuð við hækkuð laun, en sama reikningsgrundvöll sem áður. Samkvæmt þessari áætlun, sem dagsett er 13. marz 1964, nemur heildartjón þetta kr. 278.779.00.

Fjárhæð tjónbóta til handa gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Verður gagnáfrýjanda Ólafi Pálssyni því dæmt að greiða gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni kr. 114.666.67 ásamt vöxtum, eins og siðar segir.

Málskostnaður í máli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar á að falla niður.

Gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson greiði gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00. Þar af hljóti talsmaður gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Geislahitun h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar, en málskostnaður í máli þeirra fellur niður.

Gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson greiði gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni kr. 114.666.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. maí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, en þar af hljóti talsmaður hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Einar Viðar héraðsdómslögmaður, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reyjavíkur 6. september 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Valdimar Vigfússon, Laufásvegi 20, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 7/6 1961, gegn Ólafi Pálssyni, Kleifarvegi 8, hér í borg, og Geislahitun h/f, hér í borg, *aðallega* til greiðslu in solidum á skaðabótum, að fjárhæð kr. 272.775.30, ásamt 6% ársvöxtum frá 22/5 1959 til 22/2 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29/12 s. á., og síðan 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en *til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að öðrum hvorum framangreindum aðilja verði gert að greiða honum ofangreindar bætur.

Stefndi Ólafur Pálsson hefur krafizt þess, að verða sýknaður og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

Stefndi Geislahitun h/f hefur aðallega krafizt þess að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins, en til vara hefur hann krafizt lækkuar á kröfum stefnanda, enda verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Tryggingu h/f, Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Málavextir eru svofelldir:

Á öndverðu árinu 1959 vann stefnandi sem verkamaður hjá stefnda Ólafi Pálssyni byggingameistara við ýmis verk, er Ólafur hafði þá með höndum, þar á meðal niðurbrot á veggjum í Landspítalanum. Stefndi Geislahitun h/f hafði þá einnig undir höndum einhver verk þar í byggingunni.

Hinn 22. maí 1959 kom Jóhann Pálsson, forsvarsmáður Geislahitunar h/f, að máli við Ólaf Pálsson og falaðist eftir því við hann, að hann annaðist um að láta brjóta niður reykþáf í húsinu nr. 3 við Vatnsstíg, hér í borg, vegna yfirstandandi breytinga á pípulögn hússins, er Geislahitun h/f hafði tekið að sér að annast. Ólafur kvaðst ekki geta látið vinna verk þetta í dagvinnu og eigi hafa ráð yfir mannskapnum eftir vinnutíma, en hins vegar gæti verið, að þeir vildu vinna þetta sjálfir eftir vinnutíma, enda væru þeir vanir þess konar vinnu. Stefndi hefur þó mótmælt því, að hann hafi verið vanur loftborum, en hins vegar hafi hann eitthvað unnið með rafmagnsmúrbor.

Samkvæmt beiðni Jóhanns færði Ólafur þetta í tal við tvo starfsmenn sína, þá stefnanda og Gunnar Pálsson, er var slíku störfum vanur. Ólafur kveðst hafa getið þess við mennina, að verk þetta skyldi vinna fyrir Geislahitun h/f, og kvaðst Gunnar minnst þess, en stefnanda rak hins vegar ekki minni til þessara ummæla Ólafs og kvaðst ekki hafa vitað annað en hér væri um að ræða verk á vegum Ólafs Pálssonar. Bæði stefnandi og Gunnar féllust á að vinna verkið í næturvinnu, en þar eð þeir vissu eigi, hvar í húsinu verkið skyldi vinna, en Ólafi var um það kunnugt, var ákveðið, að hann hitti þá fyrir utan húsið kl. 20 þá um kvöldið. Ólafur mun síðan hafa útvegað loftpressubíl hjá Reykjavíkurböfn til framkvæmda verksins.

Á hinum tilsetta tíma hittust þeir síðan við húsið, og Ólafur

benti þeim á, hvað stæði til, að gert yrði, en kveðst hins vegar engin fyriræli hafa gefið þeim um það, hvernig vinna ætti verkið. Síðan hvarf Ólafur af staðnum, enda taldi hann verk þetta sér óviðkomandi. Er þeir Ólafur, Gunnar og stefnandi komu á staðinn, var þar fyrir strafsmaður Geislahitunar h/f, að nafni Guðmundur Sigurjón Magnússon. Hafði Jóhann Pálsson beðið Guðmund þenna að leiðbeina þeim stefnanda og Gunnari um það, hvar bora ætti, og var Guðmundur búinn að merkja með krít á reykháfinn, þar sem gatið átti að vera, en fyriræli um framkvæmd verksins gaf Guðmundur engin, að öðru leyti en því að hann kvað sig ráma í það að hafa sagt þeim, að ekki stæði til að brjóta allan reykháfinn, en þeir hafi spurt um það.

Axel Smith, verkstjóri Geislahitunar h/f, er kom á vettvang, eftir að Gunnar og stefnandi voru byrjaðir á verkinu, gaf þeim heldur engin fyriræli um framkvæmd þess.

Reykháfur þessi var í horni, er myndaðist milli útveggjarins á bakhlið hússins og innveggjar, sem báðir voru steyptir. Sjálfur var reykháfurinn hlaðinn úr múrsteinum, óbundinn við veggina, og náði í gegnum tvær efri hæðir hússins, en það var á 2. hæðinni, sem bora átti gatið gegnum hann. Reykháfurinn var þússaður að utan, og var því eigi unnt að sjá, að hann var hlaðinn, en verksummerki eftir á bentu til, að hleðsla hans hefði farið fram, eftir að byggingu hússins var lokið, þar sem málað var bak við hann. Ekki var þeim Gunnari og stefnanda skýrt frá því, að reykháfurinn væri hlaðinn, áður en þeir hófu verkið, enda var starfsmönnum Geislahitunar h/f ókunnugt um það sem og Ólafi Pálssyni.

Þeir Gunnar og stefnandi tóku nú til við að koma slöngum í samband við loftborinn og starfa að öðrum undirbúningi, áður en verkið gæti hafizt. Að þeim undirbúningi loknum, sem stefnandi telur, að tekið hafi u.þ.b. 15—20 mínútur, hófu þeir að bora með stórum þungum loftbor í reykháfinn að neðan, í báðar hliðar hans, er vissu út í herbergið. Stjórnaði Gunnar bornum, en stefnandi hélt við hann. Er þeir höfðu borað gegnum þússningarlagið, sáu þeir, að reykháfurinn var hlaðinn úr múrsteinum, en stefnandi kveðst ekki hafa ímyndað sér annað en hann væri múrfastur við vegginn, og hafi engin orð fallið um það atriði milli hans og Gunnars. Héldu þeir því áfram að bora, og þá þeir höfðu brotið reykháfinn næstum þvert yfir, kveður stefnandi Gunnar hafa tekið minni bor og haldið einn áfram að bora með honum, en sjálfur fór stefnandi að moka múrbrotunum

frá reykháfnunum. Rétt á eftir hrundi allur reykháfurinn í beina línu út frá horninu. Stefnandi, sem stóð þar beint fyrir framan við moksturinn, reyndi að forða sér, en datt þá um miðstöðvarofn, er lá þarna á gólfinu rétt hjá reykháfnunum, og lenti reykháfurinn þá á vinstra fæti honum og braut hann illa. Hins vegar tókst Gunnari að skjóta sér undan.

Geislahitun h/f færði vinnu þeirra Gunnars og stefnanda inn á vinnuskýrslur hjá sér og greiddi þeim vinnulaun, er Ólafur Pálsson mun hafa séð um að koma til þeirra. Hins vegar var ekki um neinar greiðslur að ræða frá Geislahitun h/f til Ólafs Pálssonar vegna ómaks hans í sambandi við verk þetta.

Stefnandi styður stefnukröfur sínar þeim rökum, að hann hafi enga sök átt á slysi þessu, og hljóti því annað hvort Ólafur Pálsson eða Geislahitun h/f eða báðir þessir aðiljar solidarískt að bera fulla fébótaábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir vegna slyssins.

Stefndi Ólafur Pálsson reisir sýknukröfu sína á því, að verk þetta hafi verið honum algerlega óviðkomandi. Hann hafi einungis útvegað menn til að vinna það fyrir þrabeiðni Jóhanns Pálssonar og sýnt þeim, hvar reykháfurinn var, en verkið hafi verið unnið í þágu Geislahitunar h/f, og það fyrirtæki hafi greitt mönnum vinnulaun, og geti hann því með engu móti talizt bera fébótaábyrgð á slysi því, er varð við framkvæmd verksins.

Í annan stað bendir þessi stefndi á það, að reykháfurinn hafi staðið í horni á milli útveggjar og skilrúmsveggjar, og hafi því mönnum þeim, er verkið unnu, mátt vera það ljóst, hvernig reykháfurinn myndi falla, ef hann hryndi, og því getað staðið þannig að verki sínu, að engin hættu stafaði af því, þótt hann félli. Ef báðir mennirnir hefðu staðið til hliðar við reykháfinn, annar við útvegginn, en hinn við skilrúmsvegginn, hefði aldrei neitt slys orðið. Ógætni manna í þessu falli virðist því svo auðsæ og stórkostleg, að eigi geti verið um sök hjá öðrum að ræða en þeim sjálfum, enda hafi þeir verið vanir slíkum verkum og því hlotið að sjá, úr hvaða átt hættan gat stafað. Stefnandi geti því sjálfum sér um kennt, hvernig fór, og sé það þess vegna hrein fjarstæða, að Ólafur Pálsson sé bótaskyldur gagnvart honum vegna slyssins.

Stefndi Geislahitun h/f byggir sýknukröfu sína á því, að hann beri ekki fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi varð fyrir vegna slyss þessa, þar eð þeir Gunnar og stefnandi hafi byrjað á verkinu, áður en verkstjóri Geislahitunar h/f kom á staðinn. Þeir

hafi við vinnutilhögun farið eftir fyrirmælum Ólafs Pálssonar eða eigin ákvörðun, en á slíku geti Geislahitun h/f enga ábyrgð borið.

Þá telur þessi stefndi það hafa verið mjög óvarlegt hjá mönnum að brjóta reykháfinn svo neðarlega, þar sem þeir hljóti strax að hafa séð, að reykháfurinn var hlaðinn, og því hætta á, að hann hryndi, er hann hefði verið brotinn sundur. Hvernig sem á mál þetta verði litið að öðru leyti, þá telur þessi stefndi það ljóst, að stefnandi eigi sjálfur sök á því, hvernig fór, og verði því að bera tjón sitt sjálfur.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan, er ljóst, að verk þetta var unnið í þágu Geislahitunar h/f og á hennar kostnað og ábyrgð. Þeir stefnandi og Gunnar voru því eigi í þjónustu Ólafs Pálssonar, er slysið vildi til, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Samkvæmt framburði Jóhanns Pálssonar hafði hann beðið Guðmund Sigurjón Magnússon, starfsmann Geislahitunar h/f, að leiðbeina þeim Gunnari og stefnanda um það, hvar bora ætti. Var Guðmundur þessi búinn að merkja með krít á reykháfinn, þar sem gatið átti að koma, en beinar leiðbeiningar um framkvæmd verksins mun hann ekki hafa gefið. Ekki gaf Axel Smith, verkstjóri Geislahitunar h/f, heldur neinar leiðbeiningar um framkvæmd þess, þegar hann kom á staðinn, er þeir stefnandi og Gunnar höfðu hafið verkið. Af þessu verður ekki annað séð en verkstjórn af hálfu Geislahitunar h/f hafi verið mjög áfát sýknað og aðstæður á vinnustað, þar sem ofn var látinn liggja á gólfinu rétt hjá þeim stað, sem verkið var unnið. Verður af þessum sökum að telja, að Geislahitun h/f beri fébótaábyrgð á slysi þessu.

Hins vegar þykir stefnandi einnig eiga nokkra sök á slysi sínu sjálfur með því að halda áfram vinnu við reykháfinn án nokkurra öryggisráðstafana, eftir að þeir Gunnar urðu þess vísari, að hann var hlaðinn, en það var starfsmönnum Geislahitunar h/f ókunnugt um. Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi Geislahitun h/f bæti stefnanda tjón hans að $\frac{2}{3}$ hlutum, en stefnandi beri sjálfur tjón sitt að $\frac{1}{3}$ hluta.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Örorkutjón kr. 237.461.00
2. Þjáningabætur — 80.000.00

3. Kostnaður við örorkumat	kr.	750.00
4. Kostnaður við útreikning á örorkutjóni —		1.000.00
5. Læknisvottorð	—	250.00

Alls kr. 319.461.00

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi
greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 46.685.70

Eftir standa þá samtals kr. 272.775.30

og kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum stefnukröfunnar.

Um 1. lið.

Stefnandi var fluttur á Slysavarðstofuna strax eftir slysið, en þaðan var farið með hann á handlæknisdeild Landspítalans sama kvöldið. Við komuna þangað hefur dr. med. Friðrik Einarsson lýst meiðslum stefnanda þannig, sbr. vottorð læknisins, dags. 21/7 1959:

„.... Við skoðun fannst opið fótbrot á v. fæti nokkuð ofan við ökla, og var sárið óhreint.

Strax eftir komuna var gert að brotinu með skurðaðgerð. Sjúklingurinn liggur á handlæknisdeild Landspítalans. Vegna þess, hversu sárin voru óhrein, hefur hlaupið bólga og ígerð í fótinn, sem mun tefja mjög fyrir bata.“

Hinn 23. febrúar mat Páll Sigurðsson læknir örorku stefnda af völdum slyssins. Í upphafi mats síns vitnar læknirinn í vottorð prófessors Snorra Hallgrímssonar, dags. 18. janúar, en þar segir svo um meiðslið:

„Opið brot á vinstri crus og mjög mikil sköddun á mjúkum vefjum. Leggurinn hefur kramizt undan þungum steini. Brotið er alveg laust, og standa beinendarnir út úr sárinu. Vöðvarnir framan til og á utanverðum leggnum á brotsvæðinu eru kramdir í sundur, og húðin er sundurtætt á lófastóru svæði utan til á leggnum. Framan á sköflungnum og innanvert er húðin tætt frá fasciunni og fitan undir húðinni kramin í sundur. Nokkrar stærri og minni beinflísar liggja á við og dreif um vöðvatætlurnar. Sæmileg blóðrás virðist vera í fætinum, og virðist ekki vera um meiri háttar sköddun á taugum að ræða, nema hvað

húðtaugar eru farnar í sundur og fremri greinarnar á nervus perineus.“

Á Landspítalanum var gert að sárnum, brotið fest með Küntschernagla. Húðin var léleg, og kom drep og infection í sárið eftir aðgerðina. Brotið greri seint, og var það ekki talið að fullu gróið fyrr en 19/12 1959. Maðurinn útskrifaðist þann dag af Landspítalanum með göngugips. Húðin var ekki heil framan á leggnum og opinn fistill, en lítil útferð. Sá fistill hélzt opinn þar til í nóvember 1960.

Mikill bjúgur sótti á fótinn, fyrst eftir að slasaði fór á fætur, og notaði hann zinklímsumbúðir mestan hluta ársins 1960. Hann var óvinnufær alveg þar til á miðju sumri 1960 og hefur síðan unnið léttu vinnu.

Hann kom til eftirlits 5/1 1961. Hann kveðst nú vinna hjá Vatnsveitu Reykjavíkur. Kvartar hann aðallega nú um, að hann þreytist fljótt í vinstri kálfa og ökla við göngu og stöður og fái þrautaverki í allan gangliminn. Stundum verkur á kvöldin og nóttunni eftir áreynslu. Kvartar um stirðleika í vinstri ökla og helti, ef hann þreytist.

Skoðun: Rýrnun mælist 1 cm á vinstra læri, 15 cm yfir patella og 2 cm á þykkasta svæði vinstri kálfa. Ör er á innanverðum mjóalegg, og þar er dæld á krónustóru svæði, enn fremur ör eftir skurðaðgerð framan á mjóaleggnum. Neðri hluti þess örs er nokkuð breiður, inndreginn og fastvaxinn við beinið. Mjóileggurinn sjálfur mælist $\frac{1}{2}$ cm gildari en hægra megin, og er nokkur bjúgur í leggnum. Engin stytting er á vinstri ganglim. Mikill stirðleiki er í ökla og fótliðum vinstri fótar. Fóturinn stendur í léttum varus, en í meðalstöðu, hvað snertir hjararliðinn. Að kalla engin aktiv hreyfing í öklaliðnum, en passivt er 10—15° plantarhreyfing. Hreyfing í hné og mjöðm eðlileg.

Röntgenskoðun var gerð á Landspítalanum 19/12 1960, og segir þar svo:

„Vel gróin fractur í vinstri crus á mótum mið- og neðri þriðjungs og í mjög góðum situs á tibia. Það er mikil sclerosa á þessu svæði og beinið nokkuð gildnað. Mergholið er lítið.“

Fracturan í vinstri fibula er einnig gróin í góðum situs.“

Ályktun: Hér er um að ræða 46 ára gamlan verkamann, sem slasast við vinnu sína og fær opið brot á vinstri fótlegg, og við slysið verður mikil sköddun á vöðvum á vinstri kálfa. Beinbrotið hefur gróið vel, en vöðvarnir hafa laskast varanlega, svo

að vegna brotsins hefur maðurinn hlotið stirðnun í vinstri öklaði að miklu leyti og minnkaðan kraft í vinstra fæti.

Hann var algerlega óvinnufær vegna meiðslisins í 1 ár, en hefur síðan unnið léttu vinnu. Af þessum sökum þá hefur maðurinn hlotið varanlega örorku, sem telst hæfilega metin svo:

Í 12 mánuði 100% örorka
 - 6 — 50% —
 - 6 — 25% —
 og síðan varanleg örorka 20%.“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda, annars vegar miðað við tekjur stefnanda næstu þrjú árin fyrir slysið, umreiknað samkvæmt breytingum á kjörum sjómanna á fiskiskipum, en stefnandi hafði að langmestu leyti fengizt við sjómennsku fyrir slysið, en hins vegar hefur tryggingafræðingurinn miðað við vinnutekjur stefnanda næstu þrjú árin fyrir slysið, umreiknaðar samkvæmt taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu.

Við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið þykir rétt að leggja síðari útreikninginn til grundvallar, þar eð stefnandi vann verkamannavinnu, er slysið vildi til, og tók laun sem slíkur.

Í útreikningi tryggingafræðingsins er stefnandi sagður fæddur 12. nóvember 1914 og hefur því verið 44 ára að aldri, er slysið vildi til. Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum stefnanda árin 1956—1959 hafa tekjur hans verið sem hér segir:

1956	kr. 64.491.00
1957	— 59.578.00
1958	— 58.780.00
1959	— 28.227.00

Síðan umreiknar tryggingafræðingurinn vinnutekjur stefnanda þrjú síðustu heilu almanaksárin fyrir slysið samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu og gerir ráð fyrir, að vinnutekjutapið sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og orkumissirinn er metinn. Þannig reiknað fær tryggingafræðingurinn út þessar tölur yfir áætlaðar vinnutekjur stefnanda og áætlað vinnutekjutap:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 70.730.00	kr. 70.730.00
2. — — —	— 70.730.00	— 26.524.00
3. — — —	— 71.319.00	— 14.264.00
síðan árlega	— 84.480.00	— 16.896.00

Verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps stefnanda reiknast tryggingafræðingnum þá nema á slysgengi sem hér segir:

	miðað við 6%	miðað við 7%
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 92.455.00	kr. 91.873.00
Vegna varanlegrar örorku	— 167.122.00	— 150.543.00
	<hr/>	<hr/>
Samtals kr. 259.277.00		kr. 242.416.00

Önnur atriði í reikningsgrundvellingnum en þau, er nú hafa verið rakin, eru, að miðað er við dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1941—50 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Stefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og krafizt þess, að hann yrði lækkaður, m. a. með tilliti til þess, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, svo og vegna þess, að vextir hér á landi séu nú almennt hærri en tryggingafræðingurinn hefur reiknað með.

Þegar framangreind atriði eru virt og lækkunarröksemdir stefnda eru hafðar í huga, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 140.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er hann hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins.

Um 2. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkra-saga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar virt er það, sem þar greinir, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000.00.

Um 3.—5. lið.

Þessir kröfuliðir hafa eigi sætt tölulegum andmælum, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til

að greiða stefnanda kr. 114.666.67, þ. e. $\frac{2}{3}$ (140.000.00 + 30.000.00 + 750.00 + 1000.00 + 250.00), auk vaxta, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 22. maí 1959 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvextir frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefnda Geislahitun h/f gert að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500.00, og ber skipuðum talsmanni stefnanda, Einari Viðar héraðsdómslögmanni, kr. 11.800.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun.

Einar Arnalds yfirborgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Geislahitun h/f greiði stefnanda, Valdimar Vigfússyni, kr. 114.666.67 auk 6% ársvaxta frá 22. maí 1959 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvexti frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 12.500.00 í málskostnað. Ber skipuðum talsmanni stefnanda, Einari Viðar héraðsdómslögmanni, kr. 11.800.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun.

Stefndi Ólafur Pálsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. apríl 1964.

Nr. 16/1964. **Gunnar Ásgeirsson**
 gegn
Áka Jakobssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
